

*Alþingi**Erindi nr. Þ 120 / 1857**komudagur 3/5 1996*

GEÓ / 3. maí 1996

**Minnisblað vegna fundar með menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1996, um grunnskóla.**

Minni á fyrri umsagnir kennarafélaganna. Hefðum viljað sjá skýrari lagalega stoð fyrir skólaskrifstofu og forstöðumanni með ákveðið valdsvið í umboði sveitarstjórnar. Minni á að enn eru fjölmörg atriði óljós, t.d. varðandi hlutverk Æfingaskólans, starfsfólk fræðsluskrifstofa og leiðbeiningar um starfstíma skóla í stað reglugerðar svo fáein dæmi séu tekin.

Við gerum athugasemd við að hægja eigi á einsetningu og fjölgun kennslustunda. Bendum í leiðinni á að enn hefur ekki verið samið við kennara vegna starfa í einsetnum skólum. Við kynntum áætlun samhliða fjölgun kennslustunda í viðræðunum í fyrra sem var hafnað. Þó fylgdi kjarasamningum bókun um starf kennara við einsetna skóla og skilaði nefnd tillögum sínum á grundvelli þeirrar bókunar sem geta orðið til leiðbeiningar um lausn þess vanda sem við er að glíma í einsetnum skólum.

**Við teljum einnig afar slæmt að ekki skuli sett inn viðmið um fjölda nemenda í bekkjardeildum.**

**Fvlgiskjal I.**

5. Hvað er átt við með greininni? Sveigjanleiki? Hvaða viðmiðanir?
6. Á hvern hátt?
7. Nánari skýringu, sérstaklega varðandi ráðningu aðstoðarskólastjóra.